

Mánudaginn 20. apríl 1959.

Nr. 25/1959. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

Heiðmundi Ottóssyni (Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árne Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Þórður Eyjólfsson og Valdimar Stefánsson
sakadómari.

Brot á áfengis- og bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi, og er háttsemi ákærða færð þar til rétttra ákvæða laga, er þá giltu. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lög nr. 23 og 24 frá 1941 verið numin úr gildi. Brot ákærða gegn þeim lögum varðar samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1940 nú við 2. málsg. 25. gr. umferðarlaga, nr. 26/1958, en hins vegar verður ákærða ekki dæmd þyngri refsing fyrir þetta brot en sekt, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951 og áður tilvitnaða gr. hegningarlaga, enda gætir ekki ítrekunaráhrifa fyrri dóma yfir ákærða. Þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um sektarrefsingu að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Eftir atvikum þykir rétt, að ákærði verði sviptur ökuleyfi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestast.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1.500,00 til hvors.

Það athugast, að lögreglumennirnir Björn Albert Bjarnason og Sigurður Björn Jónsson hafa ekki verið látnir staðfesta vætti sitt fyrir dómi og ákærði hefur ekki verið samprófaður við vitni.

Dómsorð:

Ákærði, Heiðmundur Ottósson, greiði 3.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 15 daga í stað sekt-

ar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi 3 ár frá birtingu héraðsdóms.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1.500,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 31. marz 1958.

Ár 1958, mánudaginn 31. marz, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóni Finnssyni, fulltrúa sýslumanns, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 137/1958: Ákærvaldið gegn Heiðmundi Ottóssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. þessa mánaðar, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæruskjali, út gefnu 6. febrúar 1958, gegn Heiðmundi Ottóssyni járnsmið, til heimilis í vélsmiðjunni í Sandgerði, fyrir að hafa laugardagsmorguninn 24. ágúst sl. ekið bifreiðinni G-1402 með áhrifum áfengis heiman að frá sér að Bursthúsum í Miðneshreppi. Brot þetta telst varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, um breyting á bifreiðalögum, svo og við 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941.

Til vara er málið höfðað gegn ákærða fyrir að hafa í greindu tilvikji ekið bifreiðinni haldinn slíkri þreytu og sljóleika sökum undanfarandi ölvunar, að hann gat eigi á tryggilegan hátt stjórnað bifreið, en það brot telst varða við 3. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga, svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. okt.

1924 að Suður-Götum í Mýrdal, og hefur sætt eftirtöldum kær-
um og refsingum:

- 1943 25/1 Rvík. Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot á 3. mgr. 31. gr.
lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1943 17/11 Rvík. Dómur lögreluréttar, 10 daga varðhald og
svipting ökuskírteinis í 3 mánuði fyrir ölvun við
bifreiðarakstur.
- 1945 14/7 Rvík. Áminning fyrir akstur bifreiðar án skrásetn-
ingarmerkis.
- 1947 27/1 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 15. og 44.
gr. lögreglusamþ. Reykjavíkur og bifreiðalögum.
- 1947 21/8 Rvík. Sátt, 40 kr. sekt fyrir brot gegn 15. gr. lög-
reglusamþ. Reykjavíkur.
- 1947 26/11 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1948 9/1 Rvík. Sátt, 250 kr. sekt fyrir ógætilega meðferð
skotvopna, 4 byssur gerðar upptækar.
- 1948 5/4 Rvík. Áminning fyrir vöntun á skrásetningarkerki
bifreiðar.
- 1948 16/4 Rvík. 60 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðal-
götur og hliðargötur.
- 1949 9/10 Rvík. Kærður fyrir líkamsárás með hníf og hnefum.
Kæran afturkölluð, málssókn felld niður skv. bréfi
dómsmálaráðun. 26/9 1950.
- 1950 25/10 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1951 25/10 Rvík. Dómur, 1.500,00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 1
ár fyrir brot á áfengisl. og bifreiðal.
- 1953 24/3 Rvík. Kærður fyrir gripdeild. Sættir tókust, málið
fellt niður.
- 1955 30/3 Rvík. Áminning fyrir umferðarlagabrot.
- 1955 18/7 Rvík. Sátt, 150,00 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1956 30/1 Rvík. Áminning fyrir brot á 6. gr. lögreglusamþ.
- 1956 30/1 Rvík. Sátt, 50,00 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglu-
samþ.
- 1956 16/9 Rvík. Sátt, 100,00 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisl.
- 1957 12/5 Hf. Sátt, 50,00 kr. sekt fyrir ólögl. bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 24. ágúst 1957 um kl. 10.20 var lögrelgunni á
Keflavíkurflugvelli tilkynnt um bifreið, sem hefði þá um morg-
uninn verið ekið út úr Sandgerðisporpi áleiðis suður á Stafnes.
Vorur það lögrelgumenn frá Keflavíkurflugvelli, búsettir í Sand-
gerði, sem höfðu haft spurnir af bifreið þessari og báðu flug-

vallarlögregluna að athuga þetta nánar, þar sem grunur léki á, að ökumaður hennar væri undir áhrifum áfengis og auk þess með skotvopn meðferðis.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang og fundu umrædda bifreið heima á hlaði á bænum Bursthúsum.

Lögreglumennirnir höfðu uppi á bifreiðarstjóranum, sem var heima á bænum, og reyndist hann vera Heiðmundur Ottósson, ákærði í máli þessu.

Vitnið Sigurður Björn Jónsson, er var annar framangreindra lögreglumanna, hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi viðurkennt, að hann hefði ekið bifreiðinni frá Sandgerði heim að Bursthúsum. Ekki var ákærði viss um, hvað klukkan hefði verið, er hann var á ferðinni, taldi í fyrstu, að hún hefði verið um 06, en er í ljós kom, að vél bifreiðarinnar var ekki orðin köld, breytti hann tímanum og kvaðst álíta, að kl. hefði verið um 08. Vitnið segir, að kl. hafi verið um 10.50, er lögreglan kom á vettvang. Í bifreið ákærða, sem er af Oldsmobile-gerð, skrásetningarnúmer G-1402, voru skotvopn, skotfæri og tveir hundar, og tóku lögreglumennirnir farangur þennan og hundana ásamt ákærða í sínar vörzlur. Var ákærði fluttur til Keflavíkur og honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar um kl. 11.30. Ekki hafði ákærði byssuleyfi eða ökuskírteini meðferðis, er hann var tekinn, en lögreglumenn gengu úr skugga um það síðar, að hann hafði hvort tveggja heima hjá sér.

Vitnið kveður ákærða hafa skýrt þeim lögreglumönnum frá því, að hann hafi ætlað út að bænum Bala til þess að kaupa bíl-vél, en við Bursthús hafi loftið farið úr hjólbarða hjá sér, og því hafi hann farið heim á bæinn.

Sagði ákærði lögregluþjónunum, að hann hefði jafnan skotvopn með sér, er hann færi suður á Nes. Ákærði viðurkenndi það fyrir lögregluþjónunum á leiðinni til Keflavíkur, að hann væri undir áhrifum áfengis, en hins vegar hefði hann ekki byrjað að neyta þess fyrr en eftir að hann kom heim að Bursthúsum, og hefði hann ekki ekið bifreiðinni í því ástandi. Vitninu Sigurði Birni virtist ákærði undir áfengisáhrifum. Var hann sljór til augna og rauðeygur, óskýr í máli, óviss í hreyfingum og allsterkur vínþefur úr vitum hans.

Framburður vitnisins Björns Alberts Bjarnasonar lögregluþjóns um málsatvik er í samræmi við framburð vitnisins Sigurðar Björns, sem vitnið var með. Það kveður bifreið ákærða hafa staðið á þrem hjólum á hlaðinu í Bursthúsum. Er ákærði

kom út úr bænum, kveðst vitnið strax hafa séð, að hann var mjög ölvaður. Hafi hann verið reikull í spori og málrómur-inn drafandi. Vitnið innti ákærða eftir áfengisflösku þeirri, er hann hefði drukkið úr, en ákærði gat ekki vísað á hana, en kvaðst hafa verið við drykkjuna inni í Bursthúsum. Húsfreyjan í Bursthúsum tjáði vitninu, að ákærði hefði drukkið hjá henni kaffi, en ekki hefði hún séð hann neyta áfengis.

Annar lögregluþjónanna, sem búsettur er í Sandgerði, Guðjón Valdimarsson, er kvaddi lögregluna á Keflavíkurflugvelli á vettvang, hefur mætt fyrir dómi, en framburður hans skiptir ekki máli um úrslit málsins, enda sá hvorugur þessara lögregluþjóna ákærða.

Vitnið Sesselja Júníusdóttir, húsfreyja að Bursthúsum, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að ákærði hafi komið heim að Bursthúsum kl. tæplega 09 umrætt sinn. Bað ákærði húsfreyju að gefa sér kaffi, og bauð vitnið honum inn, bar honum kaffi, en fór síðan út í fjós að sinna mjóltum. Vitninu virtist ákærði undir áhrifum áfengis og dró þá ályktun af því, að henni virtist hann reika í spori. Önnur merki áfengisáhrifa sá vitnið ekki á ákærða, enda hugaði það ekki sérstaklega að þeim.

Vitnið fylgdist ekki sérstaklega með ferðum eða athöfnum ákærða, meðan hann dvaldist í Bursthúsum, en áleit, að merki áfengisáhrifa hefðu aukizt, meðan hann dvaldi þar, en ekki sá það ákærða hafa áfengi um hönd.

Hinn 7. nóv. sl. mætti fyrir sakadómi sem vitni Theódór Einarsson, bóndi að Bæjarskerjum í Miðneshreppi. Vitnið skýrði frá því, að sl. sumar hefði það verið statt við veginn suður á Stafnes á níunda tímanum að morgni, en þá flytur vitnið mjólk sína á brúsapallinn við þjóðvegin. Þarna var einnig Júlíus Eiríksson, bóndi í Miðkoti, sömu erinda. Voru þeir Júlíus að tala saman, er ákærða bar þar að í bifreið. Stanzaði ákærði og ávarpaði þá Júlíus. Sagði hann þeim, að hann væri að fara á minkaveiðar suður á Stafnes. Vitnið kveðst strax hafa talið, að ákærði væri með víni, hann hafi viðhaft ýmsa kæki, er vitnið minntist ekki að hafa séð hann viðhafa allsgáðan, svo sem að nikka til höfðinu í sífellu.

Vitnið Júlíus Eiríksson, bóndi í Miðkoti, kveðst strax hafa veitt því athygli, að aksturslag bifreiðar ákærða var mjög ein-kennilegt. Bifreiðin hafi í sífellu slangrað til milli vegarbrúnanna, og hægri hjólbarði bifreiðarinnar var sprunginn og loftlaus. Vitninu ber saman við vitnið Theódór um það, að ákærði

hafi sagzt ætla á minkaveiðar. Vitnið, sem ekki kveðst þekkja ákærða, segir, að sér hafi virzt ákærði koma alleinkennilega fyrir sjónir. Hafi hann verið ör í hreyfingum og tali. Vitnið taldi, að klukkan mundi hafa verið á seinni tímanum í níu.

Enda þótt tvö framangreind vitni hafi ekki tímasett atvik þetta upp á dag, má telja upplýst, að þetta hafi gerzt sama morgun sem um ræðir í máli þessu.

Vitnið Óskar Þorgils Pálsson verkamaður, Brautarholti í Sandgerði, hefur borið, að seinni part sl. sumars laust fyrir kl. 7.20 hafi það verið statt hjá spennistöðinni í Sandgerði ásamt fleiri mönnum, er ákærða bar þar að í bifreið og stanzaði 5—7 metra frá vitninu og gaf sig á tal við menn, sem þarna voru staddir, en fór ekki út úr bifreiðinni. Þótt vitnið hafi ekki getað tímasett atvik þetta, minntist það þess, að Guðjón Valdimarsson lögregluþjónn hefði komið til þess einum til tveim dögum síðar og spurt það að því, hvort það hefði séð áfengisáhrif á ákærða. Má því telja öruggt, að vitnið hafi einmitt séð ákærða þann morgun, sem um ræðir. Vitnið segir, að því hafi virzt ákærði sjúskaður í andliti, rauður og voteygur, og taldi það, að ákærði hefði verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar.

Síðastgreind 4 vitni hafa staðfest framburð sinn fyrir dómi.

Niðurstaða alkóhólrannsóknar leiddi í ljós, að í blóði ákærða voru reducerandi efni, er samsvara 2,18% af alkóhóli.

Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá, að hann hafi verið að skemmta sér föstudaginn 23. ágúst og þá neytt svo mikils áfengis, að hann hafi „fallið í valinn“ um kl. 22 um kvöldið. Hann hafi vaknað við góða heilsu og vel út sofinn um kl. 08 morguninn eftir. Síðan hafi hann farið suður á Stafnes og ferðinni verið heitið að Bala til að kaupa vél í bíl. Er ákærði átti um 1 km ófarinn að Bursthúsum, varð hann þess var, að hægra afturhjóla var orðið loftlítið, og þar sem hann var varadekkslaus, ákvað hann að halda heim að Bursthúsum í von um að fá aðstoð. Ákærði segir, að áður en hann lagði af stað í bifreiðinni, hafi hann fundið meira en ½ flösku af óblönduðu áfengi í bifreiðinni. Hafi hann veifað flösku þessari framan í nokkra menn, er stóðu fyrir framan frystihús H/f Miðness, um leið og hann ók fram hjá. Er ákærði hafði stöðvað bifreiðina á hlaðinu í Bursthúsum, kveðst hann hafa gripið til flöskunnar og drukkið vænan slurk úr henni. Ákvað ákærði að hans sögn að láta viðgerð á bílnum bíða að sinni og hringja til bóndans í Bursthúsum, er vann í Sandgerði, og biðja hann um að færa sér varadekk,

er hann kæmi heim í hádeginu. Kveðst hann hafa ætlað að taka lífinu létt þennan dag og ekki aka bifreiðinni meira, en biðja búandann í Bursthúsum eða mann þann, er hann átti erindi við á Bala, að annast um bifreiðina fyrir sig. Knúði hann nú dyra í Bursthúsum og ætlaði að bíða bóndans þar. Hann kveðst hafa geymt áfengið í bifreiðinni og skroppið nokkrum sinnum út í hana og fengið sér áfengi að drekka.

Hann kveðst telja, að hann hafi tekið flöskuna með sér inn og drukkið af henni þar, eftir að hann hafði farið út í bifreiðina nokkrum sinnum og fengið sér snafs, og hafi hann verið búinn að ljúka úr flöskunni, er lögreglan kom, a.m.k. hafi hún ekki komið fram, og ekki vissi hann, hver urðu afdrif hennar. Kvað hann minni sitt óljóst, er hann var við drykkjuna í Bursthúsum. Fyrir sakadómi taldi ákærði, að klukkan mundi hafa verið um 9, er hann kom að Bursthúsum.

Eins og nú hefur verið rakið, var framburður ákærða um það, hvenær hann kom heim að Bursthúsum, og um erindi hans suður á Stafnes mjög á reiki. Fyrir sakadómi ber hann þó, að kl. hafi verið um níu um morguninn, er hann kom að Bursthúsum, og kemur það heim við framburð vitnanna tveggja, er hann talaði við við Stafnesveginn, og húsfreyjunnar í Bursthúsum. Lögreglan kom á vettvang um kl. 10.50, og hefur ákærði þá að hans sögn drukkið meira en hálfa flösku af óblönduðu áfengi, frá því að hann kemur að Bursthúsum, þótt hann gæti ekki gert grein fyrir því, hvað orðið hefði af flöskunni. Verður að telja, að þessi frásögn ákærða af áfengisneyzlu hans á þessum skamma tíma, sem hann hafði til umráða, sé með ólíkindum.

Lítur rétturinn svo á, að með framburði þeirra þriggja vitna, er sannanlega sáu ákærða við akstur bifreiðarinnar, hinu mikla áfengismagni, er fannst í blóði hans, og með hliðsjón af öðrum atvikum málsins sé fullsannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis frá Sandgerði að Bursthúsum að morgni hins 24. ágúst sl.

Með atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga, nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23/1941, og 2. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, nr. 24/1941. Ítrekunaráhrif af fyrri brotum ákærða, er hefur tvisvar áður verið dæmdur fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot og sviptur ökuréttindum, eru fyrnd. Þykir refsing hans með hliðsjón af 2. gr. laga nr. 6/1951 hæfilega

ákveðin 3.000,00 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í hennar stað, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkv. 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 800,00, til Inga R. Helgasonar lögfræðings.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Heiðmundur Ottósson, greiði 3.000,00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun ekki þessum verkunum hans.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með taldar kr. 800,00 til skipaðs talsmanns síns, Inga R. Helgasonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. apríl 1959.

Nr. 158/1958. **Ákærvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

Aldísi Bjarnadóttur (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Brot á lögum nr. 10/1957.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í máli þessu eftir uppkvaðningu héraðsdóms, en ekki leiðir það, er fram kom við próf þessi, til breytinga á úrlausn héraðsdóms, sem ber að staðfesta að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærðu til að greiða áfrýjunarkostn-